

Kirkja Örlygs á Esjubergi – helgistund kl. 14 sunnudaginn 30. júní

Sunnudaginn 30. júní nk. kl 14 minnst Kjalnesingar þess að samkvæmt Landnámu stóð vagma kristinnar trúar á Kjalarnesi þar sem Örlygur Hrappson byggði fyrstu kirkju á Íslandi. Í tilefni þess verður helgistund að Esjubergi í umsjá sr. Gunnars Kristjánssonar prófasts.

Að athöfn lokinni bjóða sögufélagið Steini og sóknarnefnd Brautarholtssóknar til kirkjukaffis í Fólkvangi þar sem Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson flytur erindi sem hann nefnir „Málamiðlun á Eyjaslóð“ þar sem “ þar sem hann segir frá kynnum sínum af menningu og bókmenntum á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum.